



# 188 Hestatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### Sameiginlegir skilmálar.

#### 1. Hið vátryggða og þeir sem eru vátryggðir.

- 1.1 Hið vátryggða er sá hestur sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini og lýst er nánar í beiðni um vátrygginguna.
- 1.2 Í vátryggingarbeiðni skal tilgreint í hvern eftirfarandi notkunarflokkva vátryggingaráhættan fellur:
  - a. reiðhest,
  - b. keppnishest,
  - c. kynbótahest eða
  - d. folald / trippi.
- 1.3 Ef tilgreindur er notkunarflokkurinn keppnishestur, kynbótahestur eða folald / trippi, sbr. (samanber) gr. (grein) 1.2, er hesturinn einnig tryggður sem reiðhestur.
- 1.4 Vátryggingartaki er vátryggður. Veðhafar eða aðrir sem njóta óbeinna eignaréttinda njóta ekki vátryggingarverndar nema sérstaklega sé um það samið við félagið.

#### 2. Vátryggingarsvið.

- 2.1 Í vátryggingu þessari eru fjórar valkvæðar tegundir vátrygginga með eftirtalin heiti:
  - I. Ábyrgðartrygging,
  - II. Sjúkrakostnaðartrygging,
  - III. Líf- og heilsutrygging,
  - IV. Takmörkuð líftrygging.
- 2.2 Vátryggingarsamningurinn getur innifalið eina eða fleiri vátryggingar skv. (samkvæmt) gr. 2.1. Þó er ekki unnt að velja bæði Líf- og heilsutryggingu (III) og Takmarkaða líftryggingu (IV) vegna sömu vátryggingaráhættu. Í vátryggingarskírteini skal koma fram hvaða vátryggingar eru valdar.
- 2.3 Ef vátryggingaráhættan í Líf- og heilsutryggingu er kynbótameri, er hægt að bæta við skildaga nr. 1, fyl og fölöld. Skildagann er að finna aftast í þessum skilmálum.

#### 3. Vátryggingarfjárhæðir.

- 3.1 Vátryggingarfjárhæðir koma fram í vátryggingarskírteini.

#### 4. Vísitala.

- 4.1 Vátryggingarfjárhæðir og eigin áhættur sem fram koma í vátryggingarskírteini fylgja vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og breytast þær einu sinni á ári við endurnýjun. Tjón eru bætt samkvæmt vátryggingarfjárhæð á tjónsdegi.

#### 5. Gildistími, endurnýjun og uppsögn.

- 5.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist vátryggingin um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. 7.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrir en tvær vikur eru til loka tímabilsins.
- 5.2 Vátryggingin, eða einstakir hlutar hennar, endurnýjast þó ekki þegar hámarksaldri hests er náð samkvæmt ákvæðum skilmálanna. Fellur vátryggingin þá niður án þess að send sé sérstök tilkynning þar að lúandi.
- 5.3 Nú hefur vátryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og vátryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar vátryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja vátryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

#### 6. Landfræðileg mörk.

- 6.1 Vátryggingin gildir aðeins á Íslandi.

# 188 Hestatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 7. Greiðsla iðgjalds.

- 7.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 7.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr.(málgrein) er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur vátryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 7.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 7.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 7.5 Falli vátrygging niður skv. 2. mgr. skal vátryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 7.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

### 8. Iðgjaldsbreytingar.

- 8.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna er reiknað eftir iðgjaldaskrá félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunargjald samkvæmt nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu eða öðrum orsökum sem raska iðgjalda- eða bótagrundvelli. Slíkar breytingar veita ekki rétt til uppsagnar.

### 9. Tjónsuppgjör.

- 9.1 Reikningar sem eru grundvöllur bótagreiðslna skulu vera gefnir út af dýralækni eða dýraspítala. Þeir skulu vera vel sundurliðaðir og skýrt skal koma fram vegna hvaða hests kostnaðurinn er, þ.e. (það er) litur, ættbókarnafn og númer, ásamt auðkennum sem hesturinn ber svo sem kísilflögu- eða húðflúrnúmer.

### 10. Tjónstilvik.

- 10.1 Hvert einstakt slys eða sjúkdómur sem upp kemur kallast eitt tjónstilvik þótt afleiðingar standi yfir í langan tíma, jafnvel lengur en eitt ár.

### 11. Slys.

- 11.1 Með orðinu slys er átt við skyndilegan atburð, utanaðkomandi eða fyrir verknað hestsins sjálfs, sem veldur meiðslum á hestinum og gerist án vilja þess sem stjórnar honum.

### 12. Sjúkdómur.

- 12.1 Með orðinu sjúkdómur er átt við að hesturinn verði veikur af þekktum og skilgreindum hrossasjúkdómi sem ekki er sérstaklega undanskilinn í skilmálunum.

### 13. Læknismeðferð.

- 13.1 Læknismeðferð og allar læknisaðgerðir á hestinum, sem tengjast bótaskyldum tjónum, skulu ákveðnar og framkvæmdar af dýralækni eða dýraspítala.

### 14. Varúðarreglur.

- 14.1 Umhirða hestsins, vistarverur og fóðrun, skal vera í samræmi við ákvæði dýraverndarlaga, nú laga nr. (númer) 15/1994 um dýravernd, og annarra laga, reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla sem við eiga, þ.m.t. (þar með talið) reglugerð nr. 132/1999 um útigang hrossa.
- 14.2 Hesturinn skal bólusettur fyrir þeim sjúkdómum og sýkingum sem dýralæknar ráðleggja og við eiga á viðkomandi landssvæði. Jafnframt skulu lyf notuð til að eyða lús.



# 188 Hestatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 14.3 Vanda skal umhirðu tanna og hófa og viðhafa reglulega fyrirbyggjandi aðgerðir svo sem röspun tanngadda, járnningar reiðhesta og tálgun og hreinsun hófa. Faglærðir járnningamenn skulu járna keppnis- og kynbótahross.
- 14.4 Ormahreinsun skal fara fram a.m.k. (að minnsta kosti) tvisvar á ári eftir ráðleggingum dýralækna.
- 14.5 Vátryggingartaki skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr líkum á slysum og sjúkdómum á hestinum, svo og afleiðingum slíkra atvika.
- 14.6 Vátryggður skal samhliða almennum læknisráðstöfunum gera það sem nauðsynlegt er til að sanna að vátryggingaratburðurinn hafi orðið, þ.m.t. að tilkynna dýralækni um sjúkdóma og slys og láta hann skoða hestinn til staðfestingar. Lögreglu skal tilkynna um þjófnað og aðra ólögmæta atburði sem varða heilsu og líf hestsins.
- 14.7 Fylgja skal reglum sveitarfélaga um lausagöngu. Með eftirliti og viðhaldi girðinga skal kappkosta að halda hestinum innan fyrirhugaðs og löglegs svæðis á hverjum tíma.
- 14.8 Brot gegn framangreindum varúðarreglum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

### 15. Tilkynning um tjón.

- 15.1 Tjón skal tilkynna félaginu svo fljótt sem verða má. Vanræksla á tilkynningarskyldu getur varðað lækkun eða missi bóta.

### 16. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

- 16.1 Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi, og sé um að ræða aðra vátryggingu en ábyrgðartryggingu, er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

### 17. Svik og rangar upplýsingar.

- 17.1 Hafi vátryggingartaki við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.
- 17.2 Veiti vátryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.

### 18. Vátrygging undir verði.

- 18.1 Sé vátryggingarfjárhæð lægri en vátryggingarverðmæti er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim sem er á vátryggingarfjárhæð og vátryggingarverðmæti.

### 19. Vátrygging hjá öðru félagi.

- 19.1 Þegar tjón hefur orðið og í gildi er önnur vátrygging sem tekur til tjónsins, skal uppgjör bóta fara fram eftir því sem mælt er fyrir um í 37. gr. vátryggingarsamningalaga.

### 20. Takmörkun á gildissviði vátryggingarinnar.

- 20.1 Vátryggingin tekur ekki til tjóns sem hljótast við eftirtalin atvik:
- stríð, óeirðir, upppot, verkfallsaðgerðir eða aðra sambærilega atburði,
  - tjón sem hljótast af völdum kjarnorku, jónandi geislunar eða geislavirkra efna,
  - eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð, vatnsflóð og aðrar náttúruhamfarir,
  - hvers konar líffræðileg eða efnafræðileg áhrif og/eða eitrun, þ.m.t. vegna sýkla og veira, sem hljótast af völdum hryðjuverka.



# 188 Hestatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 21. Endurkröfuréttur.

21.1 Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur þriðja manni vegna bótaskylds tjóns öðlast TM Tryggingar þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur. Félagið fær þó ekki slíkan endurkröfurétt á hendur fjölskyldu váttryggingartaka, nema þessir aðilar hafi valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

### 22. Lög um váttryggingarsamninga.

22.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

### 23. Greiðsla bóta og vextir.

23.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. váttryggingarsamningalaga.

### 24. Lausn ágreiningsmála.

24.1 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.

### 25. Heimili og varnarþing.

25.1 Þrátt fyrir úrræði 24. gr. er aðilum heimilt að leggja ágreining fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.

25.2 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

## I. Ábyrgðartrygging.

### 26. Gildissvið, váttryggingarfjárhæð og lok váttryggingar.

26.1 Váttryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan sem eiganda hins váttryggða hests vegna líkamstjóns eða skemmda á munum, enda sé skaðabótaskyldan ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

### 27. Tjón sem ekki bætast.

27.1 Ekki bætast tjón:

- sem fjölskylda og skyldulið á heimili váttryggingartaka verður fyrir, sama á við um fjölskyldu þess sem heldur hestinn, hefur hann í gæslu, á leigu, til afnota, í haga eða heimsókn hverju sinni,
- á munum sem þeir aðilar, sem tilgreindir eru í a. lið, hafa að láni, til leigu, til geymslu eða eru í þeirra vörslu af öðrum ástæðum, þ.m.t. munum sem teknir hafa verið í heimildarleysi,
- sem rekja má til þess að ekki er farið eftir lögum og reglum um lausagöngu dýra, merkingar þeirra eða öðrum settum reglum.

### 28. Eigin áhætta váttryggðs.

28.1 Eigin áhætta váttryggðs í hverju tjónstilviki kemur fram í váttryggingarskírteini.

### 29. Váttryggingarfjárhæð.

29.1 Ábyrgð TM Trygginga vegna hvers einstaks tjónstilviks takmarkast við váttryggingarfjárhæð þá sem tilgreind er í váttryggingarskírteini. Ábyrgð vegna allra tjónstilvika innan hvers váttryggingartímabils takmarkast einnig við sömu váttryggingarfjárhæð.

29.2 TM Tryggingar greiðir kostnað sem eðlilegt er að váttryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr

# 188 Hestatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

vátryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem vátryggingartaki er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu sem vátryggingin tekur til.

29.3 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur er TM Tryggingum þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem henni ber að greiða.

### 30. Samningar við tjónþola.

30.1 TM Tryggingar á allan rétt til að annast samninga við tjónþola (þann sem kröfu gerir á hendur vátryggðum) og eftir atvikum að annast málsvörn. Kostnaðinn greiðir TM Tryggingar, sbr. gr. 35.2 og 35.3.

## II. Sjúkrakostnaðartrygging.

### 31. Gildissvið, vátryggingarfjárhæð og lok vátryggingar.

31.1 Vátryggingin bætir allan réttmætan, sanngjarnan og ófyrirséðan lækniskostnað sem er bein afleiðing af slysum og sjúkdómum hestsins.

31.2 Vátryggingarfjárhæðin, sem er hámarksbætur á hverju 12 mánaða tímabili, kemur fram í vátryggingarskírteini.

31.3 Vátryggingunni lýkur endanlega og hún endurnýjast ekki þegar hinn vátryggði hestur hefur náð 20 vetra aldri.

### 32. Lækniskostnaður.

32.1 Lækniskostnaður telst vera:

- greiðslur til dýralækna og dýraspítala vegna skoðunar og meðferðar, þar með taldir keisaraskurðir og tannviðgerðir,
- lyf sem dýralæknir eða dýraspítali afhendir og gefur hestinum við skoðun eða meðferð,
- rannsóknir, svo sem röntgenmyndir, segulóm skoðun, línurit og rannsóknir á vefjum og öðrum sýnum,
- nauðsynlegur flutningur á hestum til og frá dýralækni,
- tannviðgerðir vegna slysa.

32.2 Hámarksbætur til rannsókna skv. c. lið 1. mgr. eru 25% vátryggingarfjárhæðarinnar á hverju 12 mánaða tímabili.

### 33. Eigin áhætta vátryggðs.

33.1 Eigin áhætta vátryggðs í hverju tjónstilviki kemur fram í vátryggingarskírteini.

### 34. Kostnaður sem ekki bætist.

34.1 Ekki er bættur kostnaður vegna:

- meðferðar vegna slysa eða sjúkdóma sem hafa komið upp áður en vátryggingin gekk í gildi, meðfæddra og arfgengra kvilla eða sjúkdóma, svo og sjúkdóma sem upp koma innan 14 daga frá gildistöku vátryggingarinnar,
- rannsókna eða meðferðar í forvarnaskyni, eða vegna afbrigðilegs vaxtar og afleiddra sjúkdóma,
- geldinga, ófrjósemisaðgerða eða fæðingar afkvæma,
- tannhirðu,
- ormahreinsunar,
- járninga og umhirðu hófa,
- hjálpartækja eða heilsuvara, jafnvel þótt dýralæknir ráðleggi eða fyrirskipi notkun,
- vottorða og lyfseðla dýralækna eða dýraspítala, nema þeirra sé óskað af TM Tryggingum,
- aukaálags vegna dýralæknisvitjunar að nóttu, kvöldi eða á almennum frídegi, nema vegna slysa, meiðsla, sjúkdóma eða veikinda sem orðið hafa á slíkum tíma eða rétt fyrir hann.



# 188 Hestatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### III. Líf- og heilsutrygging.

#### 35. Gildissvið og vátryggingarfjárhæð.

- 35.1 Bætur úr vátryggingu þessari eru greiddar þegar hesturinn deyr eða verður fyrir varanlegu heilsutjóni eins og nánar greinir í 36. og 37. gr.
- 35.2 Vátryggingarfjárhæð Líf- og heilsutryggingar lækkar frá og með 15 vetra aldri um 20% af vátryggingarfjárhæðinni og síðan einnig næstu fimm árin þar á eftir um sömu fjárhæð að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, sbr. 4. gr. Líf- og heilsutryggingin endurnýjast ekki þegar hinn vátryggði hestur hefur náð 20 vetra aldri.
- 35.3 Ekki bætist krafa sem er umfram markaðsvirði hins vátryggða hests á Íslandi.

#### 36. Líftrygging.

- 36.1 Vátryggingarfjárhæð sú er fram kemur í vátryggingarskírteini, sbr. og gr. 35.2, er greidd þegar hesturinn deyr af slysi eða sjúkdómi, eða fella verður hestinn samkvæmt úrskurði dýralæknis vegna þessara atvika.
- 36.2 Bætur eru einnig greiddar að fullu fyrir tapaðan hest, þ.e. ef hann týnist og snýr ekki aftur eða honum er stolið. Hesturinn telst tapaður ef hann er ekki kominn fram innan fjögurra mánaða frá því að leit hófst þrátt fyrir eðlilega eftirgrennslan vátryggingartaka, leitaraðgerðir og auglýsingar hans. Eigin áhætta vátryggingartaka skv. þessum bóталиð er 25%.
- 36.3 Ef til uppgjörs bóta kemur og TM Tryggingar hefur tekið þátt í kostnaði við auglýsingar eftir týndum hesti, dregst sá kostnaður frá bótum.

#### 37. Heilsutrygging.

- 37.1 Ef hesturinn missir algerlega heilsu sína varanlega en lifir eða tjónsatburðurinn sviptir hestinn alveg því notagildi sem tilgreint er í beiðni og fram kemur í vátryggingarskírteini, eru bætur greiddar, þ.e. vátryggingarfjárhæðin að teknu tilliti til lækkunar skv. gr. 35.2, að frádregnu áætluðu matsverði hans eftir tjónsatburðinn. Þó skal aldrei greiða meira en 90% af vátryggingarfjárhæðinni. Við uppgjör tjóns samkvæmt þessu ákvæði fellur Líf- og heilsutryggingin sjálfkrafa niður og endurnýjast ekki aftur vegna sama hests og án þess að félagið sendi sérstaka tilkynningu af því tilefni.

#### 38. Tjón sem ekki eru bætt.

- 38.1 Ekki eru bætt tjón vegna:
- arfgengra eða meðfæddra sjúkdóma og kvilla,
  - atvika sem hafa komið upp áður en vátryggingin gekk í gildi, svo og sjúkdóma sem upp koma innan 20 daga frá gildistöku vátryggingarinnar,
  - boðs yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana,
  - verðfalls hests, jafnvel þótt um sé að ræða verðfall af völdum slyss eða sjúkdóms en án þess að bótaskylda hafi stofnast skv. 36. eða 37. gr.,
  - ófrjósemi, nema um sé að ræða sérstaka tryggingu á kynbótahrossi til undaneldis,
  - aldurstengdra sjúkdóma og hrörnunarsjúkdóma,
  - spatts,
  - keppni, nema fram komi í vátryggingarskírteini að um keppnishross sé að ræða.

### IV. Takmörkuð líftrygging.

#### 39 Gildissvið, vátryggingarfjárhæð og lok vátryggingar.

- 39.1 Vátryggingarfjárhæð sú er fram kemur í vátryggingarskírteini, sbr. og gr. 39.4, er greidd þegar hesturinn deyr af völdum slyss eða sjúkdóms eða fella verður hestinn samkvæmt úrskurði dýralæknis vegna þessara atvika.
- 39.2 Bætur eru einnig greiddar að fullu fyrir tapaðan hest, þ.e. ef hann týnist og snýr ekki aftur eða honum er stolið. Hesturinn telst tapaður ef hann er ekki kominn fram innan fjögurra mánaða frá því að leit hófst þrátt fyrir eðlilega eftirgrennslan vátryggingartaka, leitaraðgerðir og auglýsingar hans. Eigin áhætta vátryggingartaka skv. þessum bóталиð er 25%.



# 188 Hestatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 39.3 Ef til uppgjörs bóta kemur og TM Tryggingar hefur tekið þátt í kostnaði við auglýsingar eftir týndum hesti, dregst sá kostnaður frá bótum.
- 39.4 Vátryggingarfjárhæð Takmarkaðrar líftryggingar lækkar frá og með 15 vetra aldri um 20% af vátryggingarfjárhæðinni síðan einnig næstu fimm árin þar á eftir um sömu fjárhæð að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, sbr. 4. gr. Vátryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki á því almanaksári sem hesturinn verður 20 vetra.
- 39.5 Ekki bætist krafa sem er umfram markaðsvirði hins vátryggða hests á Íslandi.

### 40. Tjón sem ekki eru bætt.

- 40.1 Ekki eru greiddar bætur ef hesturinn deyr eða aflífa þarf hann vegna eftirtaldrá ástæðna:
- arfgengra eða meðfæddra sjúkdóma og kvilla,
  - atvika sem hafa komið upp áður en vátryggingin gekk í gildi, svo og sjúkdóma sem upp koma innan 20 daga frá gildistöku vátryggingarinnar,
  - heltis,
  - spatts eða annarra viðvarandi hreyfivandamála svo og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg,
  - líkamlegra þroskahamlana,
  - brots eða sprungu í beinvef sem sýnir merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörnun (sclerosis) eða gigt,
  - geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra síða (húslasta),
  - viðvarandi vandamála í öndunarferum og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg,
  - stífkrampa ef hesturinn hefur ekki verið bólusettur á fullnægjandi hátt,
  - aflifunar vegna fyrirmæla opinberra yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana,
  - verðfalls hestsins, jafnvel þótt um sé að ræða verðfall af völdum slyss eða sjúkdóms en án þess að bótaskylda hafi stofnast skv. 39. gr.,
  - ófrjósemi, nema um sé að ræða sérstaka tryggingu á kynbótahrossi til undaneldis,
  - aldurstengdra sjúkdóma og hörnunarsjúkdóma,
  - þátttöku í keppni, nema fram komi í vátryggingarskríteini að um keppnishross sé að ræða.

### Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

## SKILDAGI

### Nr. (Númer) 1. Fyl og folöld.

#### 1. Gildissvið, vátryggingarfjárhæð og lok vátryggingar.

Vátryggingin greiðir bætur sem nema 10% af líftryggingarfjárhæð hryssunnar fyrir fyl í hryssu eða folald ef hryssan er á aldrinum þriggja til átján vetra ef:

- 1.1 Fylið ferst á 91. degi eða síðar frá því að hryssan var síðast hjá stóðhesti, af völdum fósturláts, erfiðleika við köstun eða dauða hryssunnar. Staðfesting dýralæknis á fósturláti þarf að liggja fyrir.
- 1.2 Ekkert fyl eða folald skilar sér hjá hryssu sem þó hefur verið staðfest fylfull með skoðun dýralæknis, ómskoðun eða blóðprófi. Skoðun þarf að hafa farið fram í fyrsta lagi 90 dögum eftir að hryssan var síðast

# 188 Hestatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

hjá stóðhesti. Sé stuðst við blóðpróf þarf oestrone sulphate hlutfall í blóði að vera að lágmarki 75 nM/litre, og prófið að hafa verið tekið í fyrsta lagi 110 dögum eftir að hryssan var síðast hjá stóðhesti.

1.3 Folaldið drepst eða það þarf að aflífa það innan 30 daga frá fæðingu vegna meiðsla, sjúkdóms eða fæðingargalla.

### 2. Tjón sem ekki eru bætt.

2.1 Ef váttryggingin er tekin síðar en níu mánuðum eftir að hryssan var síðast hjá stóðhesti. Sama á við ef hryssan deyr eða hún er felld vegna áverka og/eða sjúkdóms sem var til staðar þegar váttryggingin var keypt.

### 3. Lok váttryggingar.

3.1 Váttryggingin gildir þar til líftrygging er keypt fyrir folald eða þegar folald nær 30 daga aldri, hvort sem á undan verður.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.